enda hafið þjer eigi neitað, að Geiradalshreppi bæri að endurborga styrk þann, sem Halldóru **62**
var veittur eptir 20. ágúst f. á.

Þar sem þjer hafið neitað að láta Geiradalshrepp endurborga Eyrarhreppi sjúkdómslegukostnaðinn frá 1894 um vorið af þeirri sök, að lögleg aðsjónargjörð hafi eigi framfarið á högum Halldóru, þá verð jeg að vera yður samdóma um það, að vöntun þessi og yfirhöfuð vöntun allra skýrslna um hagi hennar, svo sem hvort hún þá eigi hafi verið vinnuhjú einhvers eða á vegum annara, verði að hafa þá verkun, að Geiradalshreppur skuli vera laus við að endurborga þær 12 kr. 80 a., sem reikningur er gjörður fyrir í þessu tilliti, og nægir það alls ekki, að líkur sjeu til þess, að Halldóra hafi eigi getað sjálf borgað kostnað við legu sína. Að því leyti aptur á móti, er snertir framfærslustyrk þann, ásamt læknishjálp, sem hún hafi þegið á Ísafirði, og sem er löglega veittur, þá get jeg eigi tekið til greina þau mótmæli yðar gegn nokkrum hluta styrksins, sem byggjast á því, að tilkynning um styrkveitinguna hafi eigi framfarið í tæka tíð, þar sem alls enginn vítaverður dráttur í þessu tilliti hefir átt sjer stað samkvæmt því, sem skýrt er frá að framan um gang þessa máls, og hvað upphæð styrkveitingarinnar snertir, þá get jeg eigi sjeð, að hún hafi farið úr hófi fram.

Samkvæmt framanrituðu úrskurðast því hjermeð, að Geiradalshreppur skuli vera laus við að endurgjalda þær 12 kr. 80 a., sem Eyrarhreppur gjörir tilkall til, en þar á móti borga Ísafjarðarkaupstað allt framlag hans út af framfærslu Halldóru Jónsdóttur, að uppphæð 131 kr. 78 a.

Jafnframt því þjónustusamlega að tjá yður þetta, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Geiradalshreppi, skal jeg skora á yður, að annast um, að hún inni af hendi án tafar hina nefndu upphæð.

Reikningur **63**

yfir tekjur og gjöld framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteðs og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteðs fyrir árið 1896.

Tekjur:

1.	Í sjóði við árslok 1895:		
	a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11.1 hndr. að dýrl., virt á	kr. 800,00	
	b. Í söfnunarsjóði Íslands	— 81,19	kr. 881,19
2.	Landsskuld í fardögum 1896, 40 áln. á 53 a. eptir verðlagsskrá Dalasýslu 1896—97		— 21,20
3.	Leigur haustið 1896, 40 pund smjörs, selt á 55 a. pundið . . .		— 22,00
		Tekjur alls:	kr. 924,39

Gjöld:

1.	Kostnaður við að koma leigum í peninga		kr. 2,00
2.	Í sjóði við árslok 1896:		
	a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11.1 hndr. að dýrleika, virt á	kr. 800,00	
	b. Í söfnunarsjóði Íslands, auk vaxa fyrir árið 1896 .	— 122,39	— 922,39
		Gjöld alls:	kr. 924,39

Skrifstofu Árnessýslu, 31. janúar 1897.

Sigurður Ólafsson.